

Stærðfræði

Kennsluáætlun 3. bekkur V20

Lota 1 Kaup og sala

Viðfangsefni: nemendur læra annars vegar um gildi talna og hins vegar um gildi tölustafa. Nemendur þjálfast í samlagningu og frádrætti þriggja stafa talna. Þjálfast í reikna með peningum. Námundun að næsta tug og hundraði lögð inn og þjálfuð.

Lota 2 Talnaveiðar

Viðfangsefni: nemendur kynnast bókstafnum X sem tákni fyrir óþekkta tölu og að finna óþekktan lið í samlagningu og frádrætti. Nemendur þjálfast í að lesa og leysa flókin orðadæmi. Nemendur þjálfast enn frekar í hugareikningi og að skrá tölur eftir ákveðinni reglu, talnarunur.

Lota 3 Samlagning og frádráttur

Viðfangsefni: nemendur þjálfast enn frekar í notkun sætiskerfisins, eining, tugur, hundrað. Nemendum kenndar aðferðir til þess að leggja saman og draga frá þriggja stafa tölur þar sem farið er yfir tug, uppsett dæmi.

Lota 4 Rúmfræði

Viðfangsefni: nemendur kynnast hornum í sínu nánasta umhverfi og skoða einkenni þeirra, rétt horn, hvöss horn, gleið horn. Kynnast einnig rétthyrndum þríhyrningum og marghyrningum og þekki einkenni þeirra.

Lota 5 Almenn brot

Viðfangsefni: nemendur kynnast almennum brotum sem hluta af heild, skráningu þeirra og að skipta í jafn stóra hluta.

Lota 6 Margföldun

Viðfangsefni: nemendur fá enn frekari þjálfun í margföldun. Lögð er áhersla á að nemendur læri margföldunartöflurnar frá 0-10 utan að.

Lota 7 Reikningur

Viðfangsefni: upprifjun á samlagningu og frádrætti með þriggja stafa tölur. Talnaskilningur þjálfaður enn frekar. Nemendur þjálfast í reikningi með dæmum úr daglegu lífi með reikningsaðgerðunum fjórum.

Lota 8 Rúðunet

Viðfangsefni: nemendur þjálfast í að nota rúðunet og hnitakerfi til að lýsa bæði staðsetningu og hreyfingu hluta.